

Aðflugsljós á Akureyrarflugvelli, Akureyrarbæ Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 30. nóvember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Isavia innanlandsflugvelli ehf. um fyrirhugaða uppsetningu aðflugsljósa á Akureyrarflugvelli, Akureyrarbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Akureyrarbæjar, Minjastofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Vegagerðarinnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Akureyrarflugvöllur, aðflugsljós norðan við flugbraut, jarðvinna. Isavia innanlandsflugvelli ehf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá: Akureyrarbæ 29. desember 2021, Minjastofnun Íslands 12. janúar 2022, Hafrannsóknastofnun 10. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 17. janúar 2022, Vegagerðinni 10. janúar 2022 og Náttúrufræðistofnun Íslands 10. janúar 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 4. janúar og 20. janúar 2022.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í gerð landfyllinga fyrir uppsetningu aðflugsljósa norðan við flugbraut Akureyrarflugvallar til að bæta aðflugsskilyrði úr norðri og auka flugöryggi. Áætluð heildarefnispörf í landfyllingar er um 30.000 m³ en þær verða þrjár;

- 95x30 m landfylling vestan nyrðri flugbrautarenda, áætlað efnismagn 7.300 m³.
- 170 m löng landfylling frá flugbraut að Leiruvegi, áætlað efnismagn 5.840 m³.
- 190 m löng landfylling norður frá Leiruvegi, áætlað efnismagn 16.000 m³.

Efni verður tekið úr námum sem eru opnar og með starfsleyfi og er gert ráð fyrir að að heildarfjöldi ferða vöruflutningabíla að svæðinu verði um 1.820 talsins. Aðflugsljósinn verður í 4,8 m hæð yfir miðlínu Leiruvegjar næst veginum en lækka fjær veginum, nyrstu ljósinn verður 1,9 m á hæð, í hverri ljósastæðu verði 5 ljós og milli hvernar samstæðu 30 m.

Aðkoma að svæðinu verður um Leiruveg og verður haft samráð við Vegagerðina varðandi útfærslu og frágang.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Isavia innanlandsflugvelli ehf. og umsögnum umsagnaraðila.



Ásýnd og sjónræn áhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að mestu áhrif framkvæmdarinnar séu líklegast sjónrænu áhrifin en landfyllingin muni skaga út í pollinn norður frá Leiruvegi, þó sé nú þegar grjótgarður samsíða fyrirhugaðri legu ljósanna en að landfyllingin fyrir ljósin muni liggja aðeins hærra en grjótgarðurinn og að ljósin muni verða nokkuð áberandi fyrir vegfarendur á Leiruvegi. Framkvæmdaraðili metur það svo að framkvæmdin muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á landsag og ásýnd.

Vegagerðin telur að það vanti upplýsingar um það hvernig ljósin virki, hvort þau séu stöðug eða blikkandi auk upplýsinga um það hvort ljósgeisla muni verða stýrt frá umferð og vegna umferðaöryggis þurfi að skerma ljósin frá umferð um Leiruveg og jafnvel Drottningabraut. Vegagerðin kemur einnig með athugasemd varðandi eina ljósastæðu sem sé mjög nálægt vegkanti Leiruvegur og að hún þurfi helst að vera utan öryggissvæðis vegarins. Einnig sé ein ljósastæða í jaðri rofvarna og að unnið sé að áætlun um göngu- og hjólastíg norðan Leiruvegur sem taka þurfi tillit til við staðsetningu og hönnun ljósastæðunnar.

Akureyrarbær telur að fjalla hefði mátt betur um hugsanleg áhrif af ljósmengun á öikumenn og gangandi vegfarendur á Leiruvegi, íbúa í nágrenninu og sjófarendur á Pollinum auk ítarlegri umfjöllun um gerð og virkni aðflugsljósa, s.s. styrk lýsingar, lit ljósa, tímalengd og samfellu lýsingar ásamt hugsanlegum áhrifum af ljósmengun á umhverfi.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ljós verði einungis kveikt á meðan á aðflugi standi og að ljósin blikki ekki heldur séu stöðug. Ljósin lýsi bara í norður og upp á við undir ákveðnu horni en eflaust muni einhver smá birta ná annað, vísað er í sambærileg ljós sunnan Akureyrarflugvallar meðfarm Eyjafjarðarbraut vestri og sambærileg ljós við Reykjavíkflugvöll, sem ekki hafi haft neikvæð áhrif á umferð og valdið ljósmengun. Framkvæmdaraðili vekur einnig athygli á því að styrkur, stærð og tilhögun ljósanna þurfi alfarið að vera í samræmi við alþjóðlegar flugöryggisreglur og staðal og að ekki sé hægt að hafa einhverjar undantekningar frá þeim fyrir Akureyrarflugvöll. Varðandi athugasemd vegna ljósstæðu innan veghelgunarsvæðis og í jaðri rofvarna svarar framkvæmdaraðili því að framkvæmdirnar verði í samráði við Vegagerðina og að tekið verði tillit til þessara atriða við staðsetningu og hönnun ljósastæðanna.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að mikið fuglalíf sé á svæðinu og hafi verið bæði fyrir og eftir tilkomu flugvallarins. Gerð hafi verið úttekt á fuglalífi árið 2020 og sýndu niðurstöður hennar að framvinda fuglalífs hafi verið misjöfn á einstökum svæðum á athugunarsvæðinu, með miklum blóma norðan gamla þjóðvegur en hrakað á Kjarna- og Hvammsflæðum og varpfuglum hafi fækkað meðfram vegum umhverfis Leirurnar. Áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf séu þekkt og að við athugun sumarið 2020 hafi ekkert hreiður eða óðal verið að finna þar sem fyllingar fyrir aðflugsljósin komi til með að vera. Framkvæmdaraðili metur heildaráhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf óveruleg.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að í umfjöllun um fuglalíf hafi vantað að greina frá því hvaða mögulegu áhrif aðflugsljósin sjálf muni hafa á fugla, sér í lagi áhrif af notkun þeirra, ekki sé vel þekkt hvort notkun ljósanna gæti truflað fuglalíf, t.d. á varptíma og að þörf sé á að kanna það betur með frekari rannsóknum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að styrkur ljósanna sé slíkur að ólíklegt sé að það muni trufla fuglalíf og að ljósin séu einungis kveikt á meðan aðflugi standi. Varptími fugla sé í maí til júlí en á þeim tíma sé bjart allan sólahringinn og því ætti birta frá ljósunum að vera í algjöru lágmarki á þeim tíma.



Svæði á náttúruminjasrá

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé ekki innan svæðis á náttúruminjasrá en að óshólmar Eyjafjarðarár séu á náttúruminjasrá og séu í nágrenni framkvæmdasvæðisins en að umfang og staðsetning framkvæmdanna sé þess eðlis að áhrif á verndargildi óshólma Eyjafjarðarár séu metin óveruleg

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að það vanti að koma fram í tilkynningunni að leirurnar þar sem fyrirhugað sé að setja landfyllingu falli undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að beðist sé forláts á því að það hafi misfarist að taka það fram í tilkynningunni.

Sjávarföll

Akureyrarbær telur að það skorti umfjöllun um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á sjávarföll á leirum sunnan Leiruvegar og mótvægisáðgerðir til varnar hugsanlegra breytinga á sjávarföllum.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að til að tryggja eðlileg flæði sjávarfalla í voginn vestan flugbrautarinnar verði tryggt að ræsi undir landfyllinguna verði það stór að þau anni því vatnsmagni sem um þau þarf að fara.

Öryggismál og mengunarhætta

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við þessa framkvæmd aukist öryggi í aðflugi sem muni minnka líkur á mengun frá flugvellinum vegna óhappa auk þess sem flugvélar muni eiga auðveldara með að lenda sem muni fækka tilvikum þar sem vélar þurfa að hringsóla yfir Eyjafirði og bíða eftir hentugum aðstæðum til lendingar með tilheyrandi mengun og hávaða.

Akureyrarbær telur að það skorti umfjöllun um námur, mengunarvarnir og flutninga jarðefna á framkvæmdasvæðið

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að ekki standi til að opna nýjar námur, efnid verði keypt úr starfandi námum á svæðinu. Flutningur efnis verði sambærilegur fyrri framkvæmdum, en undanfarin ár hafi verið töluverðir efnisflutningar í tengslum við aðrar framkvæmdir og landfyllingar. Í öllum þessum efnisflutningum á síðustu árum hafi mengun eða efnisfok ekki verið til vandræða og telji því framkvæmdaraðili ekki þörf á neinum sérstökum mengunarvörnum. Endanleg tilhögun framkvæmda verði þó útfærð í samráði við Akureyrarbæ við útgáfu framkvæmdarleyfis.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Vegagerðarinnar vegna framkvæmda innan veghelgunarsvæðis Þjóðveggar 1.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða þrjár nýjar landfyllingar við norðurenda flugbrautar og uppsetningu á aðflugsljósum á landfyllingunum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er fremur umfangslítill. Áhrif aðflugsljósanna felast aðallega í ásýnd, en svæðið er nú þegar undirlagt af flugvallarstarfsemi, og ónæði lýsingar fyrir vegfarendur. Þau áhrif vara í skamman tíma á meðan aðflugi stendur en annars verða ljósin slökkt. Ljósin blikka ekki og á sumrin, á varptíma fugla, er bjart allan sólahringinn og verður styrkur þeirra þá í lágmarki. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. mars 2022.

Reykjavík, 2. febrúar 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir